



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 5/2025 (nr. 113)

Dagsetning: 26.08. 2025 kl. 15:00-16:45

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi, Camille Leblanc (CL), Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG), Sveinn Margeirsson (SM) og Jóhanna Ey Harðardóttir (JEH), fulltrúi ráðherra.

Hólmfríður Sveinsdóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá 113. fundar:

- 1) Dagskrádrög fundar 113
- 2) Fundargerðir funda nr. 111 og 112
- 3) Kynning á háskólaráðsfulltrúum
- 4) Fréttir úr starfi skólans
- 5) Starfsáætlun háskólaráðs
- 6) Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
- 7) Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH
- 8) Endurreisn Hóla í Hjaltadal
- 9) Önnur mál.
 - a) Kvörtun til Umboðsmanns Alþingis frá Erni Karlssyni.

Afgreiðslur:

1. Dagskrádrög fundar 113. Samþykkt.
2. Fundargerðir funda nr. 111 og 112 samþykkt.
3. Fulltrúar nýskipaðs háskólaráðs Háskólans á Hólum kynntu sig.
4. Rektor fór yfir fréttir úr starfi skólans síðustu mánuði.
5. Starfsáætlun háskólaráðs 2025/26 var samþykkt.

Háskólinn á Hólum													
Starfsáætlun háskólaráðs		2025				2026							
Verkefni		sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars.	apr.	maí.	júní	júlí	ágúst
1 Háskólaráðsfundur		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
2 Háskólasamstæða HÍ og HH		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
3 Húsnæðismál HH		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
4 Staðarhald á Hólum		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x
5 Kynning deilda			FERÐ	HEST	FISK								
6 Kynning á stoðþjónustu						Kennsla	Rannsókn	Alþjóðam	Gæðamál				
7 Fjárhagsáætlun			x	x									
8 Stoðþjónusta í háskólasamstæðu		x											
9 Stýrihópur HH í háskólasamstæðu				x									

6. Rektor upplýsti háskólaráð um stöðuna á verkefninu um myndun háskólasamstæðu með Háskóla Íslands. Rektor HÍ og HH ásamt ráðherra háskólamála skrifaði undir



Þríhliða samkomulag um stofnun háskólasamstæðu þann 25.04.2025 sl. Í framhaldinu voru myndaðir 8 starfshópar (framkvæmdar-, stjórnskipulags-, náms- og kennslu-, rannsóknar og nýsköpunar-, mannauðs-, upplýsingatækni-, fjármála- sem og kynningarhópur) sem samanstanda af sérfræðingum beggja háskóla á málefnasviði hópanna. Í hverjum starfshópi er að minnsta kosti einn úr stýrihópi verkefnisins. Til að fá víðara samráð eru fókushópar innan starfshópa en einnig verða haldnar vinnustofur.

7. Rektor fór yfir stöðuna á uppbyggingu framtíðarhúsnæðis á Sauðárkróki sem og á Hólum. Nýtt deiliskipulag v/áfanga 1(lagareldishús) og 2 (almennt kennslu- og rannsóknahúsnæði) að Borgarflöt 35, Sauðárkróki var auglýst til umsagnar í Skiplagsgátt. Frestur til 13.8.2025 til að senda inn umsögn. Háskólaráð leggur áherslu á að svf. Skagafjörður afgreiði málið sem fyrst þannig að FSRE geti haldið áfram með gerð útboðsganga til að bjóða uppbyggingu á áfanga 1 og 2 út. Frumathugun, hönnun og þarfagreining hefur ekki hafist vegna framtíðarhúsnæðis HH á Hólum.
8. Rektor fór yfir stöðuna á vinnu framkvæmdahóps á vegum forsætisráðuneytisins um endurreisn Hóla í Hjaltadal. Nefndin gerir ráð fyrir að skila af sér í október.
9. Önnur mál
 - a) Arnór Halldórsson lögmaður kom inn á fundinn og fór yfir samskipti einstaklings og skólans vegna krafna viðkomandi um að skólinn viðurkenni að viðkomandi eigi meintan höfundarrétt að því sem sá kallaði keppnisgreinina gæðingafimi. Nú síðast hafi viðkomandi kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna viðbragða skólans við kröfum hans. Rektor upplýsti að til stæði að senda viðkomandi aðila leiðbeiningar, sbr. drög að bréfi sem lágu fyrir á fundinum, um kæruleið vegna síðustu afgreiðslu rektors á málinu. Arnór sagðist ekki telja tímabært að ræða viðbrögð við því hvernig bregðast ætti við kæru fyrr en kæra kæmi fram. Engin andmæli komu fram um að bréfið yrði sent.

Fundi slitið kl. 16:45